

# Íslenska sem annað mál - rafrænt hæfnimat

## SÍMEY

Lok verkefnis: 8.6.2021

### 1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Íslenska sem annað mál – rafrænt hæfnimat. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

### 2. Um verkefnið

Verkefnið snýr að því að aðlaga og þýða rafrænt hæfnimat yfir á íslensku. Í fjöldamörg ár hafa innflytjendur í Skandinavíu getað tekið próf í viðkomandi tungumálum með tilliti til þess hvaða stig námskeiða henti þeim best. Þetta verkfæri hefur vantað hér á landi.

### 3. Markmið verkefnis

- Að þýða og setja upp á vefsíðu/vefsvæði mat á stöðu í íslensku. Matið er tengt við Evrópska tungumálarammann og stig íslenskunámskeiða samkv. námskrá.
- Að bjóða upp á rafræna, gjaldfrjálsa leið fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku til að meta stöðu sína í málinu og velja námskeið út frá því.
- Að stuðla að samhæfðu stöðumati í íslensku sem allar símenntunarstöðvar innan Kvasis geta notað.

### 4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Verkefnið er unnið í samstarfi við [Studieskolen](#) í Danmörku.

### 5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Vandað, gjaldfrjálst stöðumat sem einstaklingar geta tekið á netinu. Þetta skilar betri röðun í hópa sem leiðir af sér markvissari kennslu og betri árangur.

### 6. Lokaafurð/ir verkefnis

Rafrænt hæfnipróf Studieskole, þýtt og staðfært á íslensku.